

Proposal for 2 Training on learning outcomes and revision of curricula

Fagleg innleiðing lærdómsviðmiða á háskólastigi

The Bologna Reform in Iceland Project (BORE) er verkefni sem stýrt er af Maríu Krístinu Gylfadóttur (Rannís). Verkefnið felst m.a. í því að auka gæði náms og kennslu og vinna markvisst að nemendamiðaðari kennsluháttum. Meðal verkþátta (Work package 5) er vinnustofa/námskeið fyrir starfsfólk í kennsluþróun þar sem markmiðið er að styrkja samhæfingu lærdómsviðmiða (e. learning outcomes) og námskarendurskoðunar til að efla nemendamiðaða kennsluhætti.

Vinnustofan er ætluð þeim starfsmönnum háskóla sem sinna innleiðingu lærdómsviðmiða og stuðningi við endurskoðun námskrár (starfa að kennsluþróun og/eða gæðamálum). Markmið námskeiðs eru að :

- Efla samstarf um innleiðingu lærdómsmiða í háskólum svo og faglegan stuðning við endurskoðun námskrár í háskólum
- Leita leiða til að leggja mat á stöðu innleiðingar lærdómsviðmiða til námskrárþróunar í íslenskum háskólum
- Draga saman reynslu af þróunarstarfi sem finna má innan ólíkra háskóla og snertir innleiðingu lærdómsviðmiða og notkun þeirra í námskrár þróun,
- Miðla verkfærum og ferlum sem gefist hafa vel og leita leiða til að efla enn frekar markvisst samstarf um slíka kennsluþróun.

Jafnframt munu þátttakendur leggja drög að áframhaldandi þróun verkefnis t.d. með þróun sameiginlegrar vefgáttar og frekari samvinnu.

Vinnustofan er skipulögð sem tveggja daga verkefni (16 stundir) auk undirbúnings þátttakenda og eftirfylgni (16 tímar) og verður haldin á við Háskólann að Bifröst dagana 11. og 12. apríl. **Þátttöku þarf að tilkynna með skráningu á heimasíðu Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands (kemst.hi.is) fyrir 4. apríl n.k.**

Kostnaður vegna dvalar að Bifröst (miðað við gistingu í einsmanns herbergi), morgunverði, tveimur hádegisverðum, kvöldverð og kaffi báða dagana er kr. 26.600. Verkefnið styrkir þátttakendur með niðurgreiðslu á þeim kostnaði.

Dagskrá

Kl. 9:00 Mæting að Bifröst

9:30 - 12:00

Lærdómsviðmið (e. learning outcomes) í alþjóðasamhengi.

Umfjöllun um innleiðingu lærdómsviðmiða í Evrópskum háskólum, tenging lærdómsviðmiða við gæðaeftirlit háskóla, gagnrýni á innleiðingu lærdómsviðmiða og stýringu þeirra á námskrá háskóla.

Sigrún Magnúsdóttir?

Sigurður Óli

Una Strand Viðarsdóttir?

12-13:00 Hádegisverður

13:00 – 17:00

Höfum við gengið til góðs? Hvernig nýtast lærdómsviðmið til námskrár- og kennsluþróunar í íslenskum háskólum? Fulltrúar háskóla gera grein fyrir stöðu innleiðingar í eigin háskólum og fjallað verður um leiðir til að meta áhrif slíkrar innleiðingar á gæði náms og kennslu svo og námskrárþróun

Háskólinn á Akureyri – Sigrún Magnúsdóttir

Háskóli Íslands – Guðrún Geirsdóttir

Háskólinn í Reykjavík – Einar Hreinsson?

Háskólinn að Hólum - Hjördís Gísladóttir?

Listaháskóli Íslands - Ingibjörg Þórisdóttir?

Háskólinn á Bifröst - Ólafur Ísleifsson/Anna Elísabet?

Landbúnaðarháskóli Íslands - Álfheiður B. Marinósdóttir /Björn Þorsteinsson?

17:00 – 18:00 Að hrista hæfni úr hausnum – gönguferð í sveitasælu

19:00 – 20:00 Kvöldverður

Frjálssar umræður

Þriðjudagur 12. apríl

8:00 - 9:00 Morgunverður

9:00 – 10:30

Þróunarstarf í íslenskum háskólum. Kynningar á þróunarverkefni innan íslenskra háskóla.

10:30 – 12: 30

Tól og tæki: Miðlun á leiðum, verkferlum og tækjum sem nýst hafa vel við innleiðingu lærdómsviðmiða í íslenskum háskólum. Við íslenska háskóla hafa starfsmenn farið ýmsar leiðir við innleiðingu lærdómsviðmiða. Í þessum hluta vinnustofu verður slíkum leiðum deilt og um þær rætt.

12:30 – 13: 30 Hádegisverður

13:30 – 15:00 Samantekt: Samstarf og samvinna til framtíðar